

## 9. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 20. janúar 2016 kl. 18:15.

**Mættir eru:** Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

**Forföll boðaði:** Jóhann Helgi Konráðsson.



### 1. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg

Framkvæmdastjórn fór yfir tilboð sveitarfélagsins frá 4. janúar 2016. Formanni, framkvæmdastjóra og ritara falið að ljúka samningum.

### 2. Erindi til Sveitarfélagsins Árborgar

Lögð fram svör frá knattspyrnudeild og handknattleiksdeild.

### 3. Ályktun varðandi grunnám í íþrótt- og heilsufræði á Laugarvatni

Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss tekur heilshugar undir eftirfarandi ályktun stjórnar Héraðssambandsins Skarphéðins er varðar grunnám í íþrótt- og heilsufræði á Laugarvatni.

*Stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem fram hafa komið um að allt grunnám í íþrótt- og heilsufræði verði flutt frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Þessar hugmyndir hafa m.a. verið nefndar í skýrslu til rektors Háskóla Íslands sem nefnist „Sóknarfæri í námi í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands“. Í skýrslunni eru birtir þrjú möguleikar á breytingu á þessu námi. Eftir að skýrslan var birt hefur komið fram gagnrýni á framsetningu hennar og fullyrðingar í henni sem kalla á frekar skoðun á þessum málum og meiri íhugun á þeim möguleikum sem í boði eru.*

Líkt og HSK hefur Umf. Selfoss um árabíl átt gott samstarf við menntavísindasvið Háskóla Íslands á Laugarvatni og er vonast til að svo verði áfram.

### 4. Uppbygging íþróttamannvirkja á Selfossi

Farið yfir hugmyndir að uppbyggingu íþróttamiðstöðvar á Selfossi.

Framkvæmdastjóra falið að leita leiða til að hanna grunnmynd að byggingu sem inniheldur a.m.k. aðstöðu fyrir handolta og fimleika auk fjölnotahúss.

### 5. 80 ára afmæli Umf. Selfoss

Framkvæmdastjórn skal skipa afmælisnefnd fyrir næsta fund sinn. Óska skal eftir tilnefningum deilda vegna heiðrana í tengslum við afmælið.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:45.**

**Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**